Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
25. ágúst 2011
34. tbl. · 28. árg.

LEIGUFÉLAG VESTFJARÐA
Vantar þig íbúð til leigu?
Hafðu samband!
sími: 456 6600

N1
N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
SÍMI: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7 - 17

Ný lyf breyttu lífinu

„Ég var alin upp þannig að mér var aldrei vorkennt," segir Helga Ásgeirsdóttir, viðskiptafræðingur. Helga fæddist með sjaldgæfan húðsjúkdóm, sem lýsir sér í verulega þurri húð. Eftir að hafa tekið þátt í prófunum á nýju lyfi gjörbreyttust lífsgæði Helgu hins vegar. Á miðopnu í dag segir hún frá uppvextinum á Ísafirði, reynslu sinni af því að vera prófverkefni í læknisfræði og þeim fjölmörgu áhugamálum sem hún stundar af kappi í dag.

Torfhildur Torfadóttir.

Elsti Íslendingurinn látinn

Torfhildur Torfadóttir á Ísafirði lést á mánudag,107 ára að aldri. Hún var elsti núlifandi Íslendingurinn, fædd í Asparvík í Strandasýslu 24. maí 1904. Hún var yngst ellefu systkina, átta alsystkina og þriggja hálfsystkina, og ólst upp í Selárdal í Steingrímsfirði. Nokkur systkinanna náðu háum aldri, Ásgeir varð 100 ára, Eymundur 96 ára og Guðbjörg 91 árs.
Eftir fermingu var Torfhildur í vinnumennsku í Reykhólasveit í Austur-Barðastrandarsýslu en flutti síðan til Ísafjarðar og giftist Einari Jóelssyni sjómanni. Einar lést árið 1981. Þau eignuðust fimm börn og eru þrjú þeirra á lífi, Torfi 61 árs, Sigurbjörn 69 ára og Kristín 78 ára.

Torfhildur hafði dvalist á öldrunardeild Fjórðungssjúkrahússins að undanförnu. Ekki er vitað um neina íbúa Vestfjarða sem náð hafa hærri aldri en Torfhildur, samkvæmt upplýsingum á vefsíðunni langlifi.net. *– thelma@bb.is*

Náttúrustofan á Birdfair

Drög að nýjum fuglaskoðunarbæklingi frá Náttúrustofu Vestfjarða verða kynnt á Birdfair markaðnum sem haldinn er árlega við Egelton friðlandið í Ruthland á Englandi. Vestfirðingar hafa átt fulltrúa á markaðnum frá 2008, en allt sem kynnt er á honum tengist á einhvern hátt fuglum og spilar ferðaiðnaðurinn þar stórt hlutverk. Bæklingurinn er gerður af Náttúrustofu Vestfjarða með styrk frá Vaxtarsamningi Vestfjarða og Ferðamálasamtökum Vestfjarða.

Bæklingurinn saman stendur af korti, tegundalista fyrir ákveðin svæði og myndum af fuglum.

Rofar til hjá verktökum

„Verkefnastaðan hjá okkur er mjög góð, alla vegna fram að áramótum. Það er frekar að við gætum bætt við okkur starfsfólki en hitt. Við erum farin að finna fyrir því að á svæðinu sé skortur á faglærðum mönnum og við höfum lent í smá vandræðum með það. Fyrir kreppu voru aldrei nein vandræði með að fá menn. Það skýrist líka á því að þá var verkefnastaðan öðruvísi og nú hafa verkefnin breyst. Í stað stóra framkvæmda eru verkefnin í dag smærri en fleiri. Aðallega er um að ræða viðhald og viðgerðir sem krefjast þekkingar faglærðra manna. Þegar um stærri verkefni er að ræða er hægt að nota meira af hjálparkokkum," segir Hermann Þorsteinsson einn af eigendum Vestfirskra Verktaka á Ísafirði.

Þegar kreppan skall á árið 2008 var nokkuð um að faglærðir iðnaðarmenn færu til annarra landa til starfa en lítið hefur verið að gera í byggingariðnaðinum síðustu ár. „Síðasti vetur var erfiður, hann var lakari heldur en veturinn þar á undan en þetta hafðist. Í dag erum við hins vegar bjartsýnir. Meðal verkefna sem við erum með núna eru íbúðir fyrir aldraða í Bolungarvík, Orkubúshús á Flateyri og stækkun Mjólkárvirkjun," segir Hermann.

Þrátt fyrir að síðasti vetur hafi verið erfiður hjá Geirnaglanum ehf. þá eru menn þar á bæ bjartsýnni fyrir næsta vetur. „Verkefnastaðan er þokkaleg hjá okkur, alla vegna fram að áramótum. Við erum að vinna að framkvæmdum við snjóflóðavarnargarð í Kubba fyrir ofan Holtahverfið í Skutulsfirði. En við erum einnig með nokkur önnur verkefni. Við stefnum að því að vinna að framkvæmdunum í Kubba í vetur en það fer auðvitað eftir veðri hvernig það gengur," segir Magnús Geir Helgason framkvæmdastjóri Geirnaglans.

Verkefnastaðan er einnig góð hjá verktakafyrirtækinu KNH ehf. á Ísafirði. „ Staðan ágæt fram á næsta ár, miðað við markaðinn og ástandið í landinu. Við erum að vinna í verkefnum á suðurströnd landsins, í Skálanesi í Gufudalssveit og Bunguflóa í Vopnafirði, og svo erum við undirverktakar í nokkrum verkefnum. Þannig að veturinn lítur ágætlega út fyrir okkur. Það er auðvitað þannig með jarðvinnu að það þarf að draga mikið úr umsvifum yfir veturinn en miðað við ganginn í gegnum árum erum við í þokkalegum málum, segir Eiríkur Finnur Greipsson hjá verktakafyrirtækinu KNH.

Murr eykur framleiðsluna

Fyrirtækið Murr ehf. í Súðavík, sem framleiðir hunda og kattamat, mun auka framleiðsluna á haustmánuðum. „Við erum að vinna að tólf nýjum fóðurlínum. Í grunninn þurfa allir kettir og allir hundar sama fóðrið en svo fer það eftir hreyfingu, aldri og stærð dýranna hverjar þarfir þeirra eru. Við ætlum að framleiða mismunandi tegundir með tilliti til hráefnis og bragðs. Hver tegund mun svo vera til fyrir hvert lífsskeiðstímabil dýrsins," segir Þorleifur Ágústsson einn af eigendum Murr ehf. Fyrirtækið er ungt og hefur aðeins verið tvö ár á markaði. Að sögn Þorleifs er það fyrst núna sem reynsla er komin á fóðrið en það hefur fengið góða dóma og er mikið notað af ræktendum. Murr ehf. eru einu íslensku framleiðendurnir sem framleiða fóður í þessum flokki, en þeir vinna eingöngu úr kjötafurðum.

Þorleifur segir söluna ganga ágætlega, en fyrirtækið sé þó alltaf að vinna að leiðum til að bæta hana. „Það hafa auðvitað verið ýmsir hnökrar og ástandið í þjóðfélaginu hefur ekki verið neitt sérstaklega auðvelt, en við erum mjög bjartsýn fyrir framtíðina. Við erum með 3 til 4 starfsmenn en fjöldinn hefur verið rokkandi síðan við byrjuðum. Í raun hefur starfsmönnum fækkað eftir því sem meiri rútína kemst á framleiðsluna. En við reiknum með að þurfa að fjölga fólki á haustdögum þegar framleiðslan eykst," segir Þorleifur.

„Ástæðan fyrir því að við viljum vera hér fyrir vestan er fyrst og fremst sú að nærumhverfið hér er mjög gott. Það væri örugglega hagstæðara fyrir okkur að vera á Akureyri eða í Reykjavík. Þá væri flutningskostnaðurinn mun minni því við værum nálægt sláturhúsunum og markaðnum. En við teljum að við vinnum upp þann kostnað með öðrum leiðum. Við fengum til dæmis aðgang að mjög góðu húsnæði og þá erum við með mjög gott starfsfólk í liði með okkur," segir Þorleifur.

Dr. Þorleifur Ágústsson, einn eigenda Murr ehf.

Skoða tilboð í Eyrarodda

Tilboð hefur borist í eignir þrotabús fiskvinnslunnar Eyrarodda á Flateyri að því er Friðbjörn E. Garðarsson, skiptastjóri, segir í samtali við DV. „Samningaviðræður hafa gengið vel og niðurstaða verður kynnt fljótlega." Friðbjörn en segist ekki geta greint frá því hvaðan tilboðið komi. „Tilboðsgjafi hefur óskað eftir trúnaði og því er ekki unnt að upplýsa um hvern ræðir að svo stöddu," segir Friðbjörn en gefur þó upp að um samstarfsverkefni Íslendinga og erlendra aðila sé að ræða. Frá því er þó greint á ruv.is að það sé fyrirtækið Arctic Fish sem gert hafi tilboð í eignirnar. Arctic fish var stofnað nýverið og er skráð í Kópavogi. Fyrir skemmstu festi félagið kaup á stórum hlut í regnbogasilungseldisfyrirtækinu Dýrfiski sem starfar í Dýrafirði.

Stofnunin kemur til með að eignast aðal fiskvinnsluhús Eyrarodda innan skamms að sögn Hjalta Árnasonar, forstöðumanns lögfræðisviðs Byggðastofnunar. Hjalti segir það vera markmið stofnunarinnar að taka tilboði aðila sem vilja koma fiskvinnslu á fót á Flateyri. „Aðalmarkmiðið er að þetta sé aðili sem geti komið vinnslu af stað og muni reyna það," segir hann í samtali við DV og bætir við að Byggðastofnun geti ekki sett kvaðir á tilboðsgjafann um að hann starfræki fiskvinnslu á svæðinu. Aðspurður hvort stofnunin muni setja það fyrir sig að erlendir aðilar keyptu eignir þrotabús Eyrarodda segir hann: „Það gilda lög um það hvort útlendingar geti átt sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi, það þarf að vera í samræmi við þau."

Lögin um eignarhald erlendra aðila í sjávarútvegsfyrirtækjum kveða á um að beint og óbeint erlent eignarhald megi vera allt að 49%. Ef samningar nást lýkur langri og strangri bið Flateyringa eftir lausn á málum þrotabús Eyrarodda. Fyrirtækið var stofnað eftir að fiskvinnslan Kambur var lögð niður árið 2007. Eyraroddi varð gjaldþrota um miðjan janúar.

– thelma@bb.is

HYUNDAI
NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

NÝR SANTA FE
DÍSIL, 197 HESTÖFL

Santa Fe

Komdu og reynsluaktu nýjum Santa Fe í dag!

Fjölmargar nýjungar er að finna í nýjum Hyundai Santa Fe en þær merkustu leynast undir vélarhlífinni. Þar situr splunkuný, 197 hestafla dísilvél, sem eyðir ekki nema tæpum sjö lítrum á hverja hundrað km! Útlit bílsins hefur allt verið uppfært, en sem fyrr er Santa Fe rúmgóður og öruggur fjölskyldubíll sem þekktur er fyrir áreiðanleika og gæði. Líttu til okkar og kynntu þér glæsilegan jeppa á góðu verði.

Verð 6.890.000 kr.*

Eyðsla í langkeyrslu 6,2 l/100 km

Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is

ix35

ix35 er nýr sportjeppi sem er að slá öll sölumet í Evrópu.

Verð 5.590.000 kr.

Eyðsla í langkeyrslu 6,8 l/100 km

* Þar sem nýr Santa Fe fellur í lægri tollaflokk (mengar minna) en eldri gerðir er hann nú á betra verði en áður.

INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

Dæmdar bætur fyrir heilsutjón á vinnustað

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt íslenska ríkið og fyrirtækið Agar ehf., til greiðslu bóta vegna tjóns sem talið er sannað að kona, sem var starfsmaður fyrirtækisins, hefði orðið fyrir vegna starfa sinna. Á árunum 1997 til 2000 leitaði starfsmaðurinn fjórum sinnum til læknis vegna hósta og öndunareinkenna og tvisvar árið 2000 vegna langvarandi höfuðverkja og ógleði, án þess að niðurstaða fengist um hvað að amaði að henni. Það var ekki fyrr en haustið 2005 að konan var greind með astma og ofnæmiskvef. Af framlögðum matsgerðum og læknisvottorðum fyrir dómi sagði konan ljóst að bein tengsl væru á milli veikinda hennar og örorku og vanbúnaðar á vinnustað hennar hjá Rannsóknarstofu fiskiðnaðarins (Rf) á Ísafirði.

Sagði konan að sérhæfðum aðilum í afar sérhæfðri starfsemi hefði mátt vera ljóst að brýnt væri að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi fyrir starfsmenn sína þar sem annars hafi verið yfirvofandi að heilsutjón hlytist af. Árið 1997 hóf starfsmaðurinn störf hjá útibúi Rf á Ísafirði þar sem hún starfaði þar til í maí 2004 en þá hóf hún störf hjá Agar ehf. sem á þeim tímapunkti tók yfir hluta þeirra verkefna sem útibúið hafði áður sinnt. Til að byrja með fór starfsemin fram í austurenda hússins að Árnagötu 2-4 en þar mun útibúið hafa verið með starfsemi frá árinu 1975. Árið 1999 flutti Rf starfsemi sína í nýuppgert húsnæði Þróunarseturs Vestfjarða í vesturenda hússins að Árnagötu.

Konan sagði ljóst og fullsannað með framlögðum gögnum, s.s. athugasemdum Vinnueftirlitsins og úttekt Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen ehf., að loftræsting og aðbúnaður sá sem hún vann við í átta ár hafi verið ófullnægjandi með tilliti til þeirra verkefna sem hún vann við og þeirra eiturefna sem henni var uppálagt að vinna með daglega við ætisræktun. Vinnuveitendum hennar hafi borið að tryggja henni öruggt vinnuumhverfi, sem ekki væri heilsuspillandi.

Konan hélt því einnig fram að henni hafi aldrei verið úthlutað persónuhlífum til hlífðar öndunarfærum sínum þrátt fyrir að hún væri að vinna með ertandi eiturefni í afar afmörkuðu rými sem loftræst hafi verið á allskostar ófullnægjandi hátt. Gerð hafi verið athugasemd við skort á persónuhlífum í úttekt Vinnueftirlits í október 2004. Engar úrbætur hafi átt sér stað eftir þessar athugasemdir. Á einhverju stigi hafi hún sjálf reynt að útvega sér persónuhlífar fyrir öndunarfæri. Hún hafi hins vegar fljótt gefist upp á því þar sem venjulegar hlífar hafi valdið henni óþægindum við vinnuna og þá hefði verið nauðsynlegt að nota hlífar sem lagst hefðu þétt upp að andlitinu.

Var það niðurstaða dómsins að stefndu, þ.e. íslenska ríkið og Agar ehf., beri bótaábyrgð á tjóni stefnanda. Það er meginregla í skaðabótarétti að í slíkum tilvikum beri hinir skaðabótaskyldu óskipta ábyrgð gagnvart tjónþola. Var íslenska ríkinu og Agar ehf., gert að greiða konunni rúmar 5.500.000 krónur í bætur auk vaxta. *– thelma@bb.is*

Skáldsaga um Spánverjavígin

Finnski rithöfundurinn og íslensku þýðandinn Tapio Koivukari hefur sent frá sér skáldsögu sem fjallar um Spánverjavígin á Vestfjörðum árið 1615, en þá var 31 baskneskur skipsbrotsmaður veginn af vestfirskum bændum undir forystu Ara Magnússonar sýslumanns í Ögri. Margir hafa talið þessi víg eitt helsta grimmdarverk Íslandssögunnar og gagnrýndi alþýðufræðimaður Jón lærði Guðmundsson þau í riti sínu „Sönn frásaga um spænskra manna skipbrotum og slagi“.

Bók Tapios kemur út 8. september í Finnlandi og heitir Ariasman – kertomus valaanpyytäjistä eða „Ariasman – frásaga um hvalfangara“. Ariasman var nafnið sem Baskarnir kölluðu Ara sýslumann. Í bókinni er sagt frá veiðiferðum Baska til Íslands og atburðarásinni frá báðum hliðum, og blandar höfundurinn heimildarvinnu, ágiskunum og skáldskap saman.

Sagan um Ariasman verður gefin út á íslensku hjá Uppheimum haustið 2012 í þýðingu Sigurðar Karlssonar. Sigurður hefur áður þýdd meðal annarra bóka eina bók Tapios, Yfir hafið og inn í steininn, en segir sú bók frá finnskum útróðrarbónda sem smyglaði flóttamönnum yfir til Svíþjóðar eftir seinna styrjöld.

Tapio bjó á Íslandi 1989 og starfaði m.a. sem smíðakennari við Grunnskólann á Ísafirði. Konan hans er Hulda Leifsdóttir frá Ísafirði og eru þau hjónin búsett í Finnlandi.

Tíu eignir seldar nauðungarsölu

Tíu fasteignir hafa verið seldar á nauðungarsölu hjá Sýslumannsembættinu á Ísafirði það sem af þessu ári. Fjöldi skráðra nauðungarsölubeiðna vegna fasteigna sem hafa borist á þessu ári, er hins vegar 61. Tvær beiðnir hafa borist vegna nauðungarsölu á bifreiðum, en hvorug þeirra hefur enn verið seld, og ein beiðni hefur borist vegna nauðungarsölu á lausafé.

Í lok ágúst á síðasta ári höfðu 18 fasteignir verið seldar nauðungarsölu hjá Sýslumanninum á Ísafirði. Skráðar nauðungarsölubeiðnir vegna fasteigna voru þá 54 talsins. Hafði þeim þá fækkað frá fyrra ári en 2009 voru beiðnirnar 76 talsins, en þrátt fyrir það höfðu aðeins átta eignir verið seldar í nauðungarsölu fyrstu átta mánuði



ársins.

Nauðungarsölum fasteigna fækkaði töluvert milli ára hjá Sýslumannsembættinu á Ísafirði í fyrra. 81 fasteignamál voru skráð hjá embættinu 2010 en þau voru 108 árið áður. Er það minnsti fjöldi í fimm ár en árið 2008 voru fasteignamálin 104, árið 2007 voru þau 116 talsins og 93 árið 2006.

– thelma@bb.is

Daníel Jakobsson bæjarstjóri, Kristín Hálfdánsdóttir formaður sorpnefndar og Sævar Óli Hjörvarsson starfsmaður Kubbs ehf. við afhendingu ruslatunnanna í apríl.

Hlutfall endurvinnslusorps eykst í Ísafjarðarbæ

Flokkun sorps í Ísafjarðarbæ hefur gengið ágætlega síðan nýtt sorphirðukerfi var innleitt fyrir tæpum átta mánuðum að því er segir í fréttatilkynningu frá Ísafjarðarbæ. Í tilkynningunni segir að hlutfall endurvinnsluefna hafi að meðaltali verið 18% af heildarþyngd heimilissorps, en líta verði til þess að eðlisþyngd endurvinnsluefna er talsvert lægri en annars heimilissorps sem fer til urðunar svo rúmmálshlutfallið er talsvert hærra. Í apríl var heildarmagn heimilissorps rúm 48 tonn og hlutfall endurvinnslusorps einungis 7%. Síðan þá hefur hlutfall endurvinnslusorps aukist talsvert og var 21% í maí, 16% í júní, 23% í júlí og 22% það sem af er ágústmánuði.

Talsverð sparnaður er af endurvinnslu fyrir bæjaryfirvöld en hvert tonn af sorpi sem fer til urðunar frekar en til endurvinnslu kostar bæjarsjóð 33 þúsund krónur. Því vilja bæjaryfirvöld hvetja íbúa til að slaka hvergi á í sorpflokkun heldur bæta í, því alltaf megi betur gera. *– asta@bb.is*

Þokkaleg laxveiði

Þokkaleg veiði hefur verið í laxveiðiám í Ísafjarðardjúpi að undanförnu. Að því er fram kemur á vef Lax-á, sem hefur þrjár ár í Ísafjarðardjúpi á leigu, voru 184 laxar komnir á land í Langadalsá undir lok síðustu viku. Á vefsíðu fyrirtækisins er haft eftir veiðiverði að mikið af nýjum laxi sé undir neðstu brúnni í dalnum.

Alls komu 256 laxar á land í ánni á síðasta veiðitímabili. Veiðin í Laugardalsá er komin í 165 laxar sem er mun minna en á síðasta veiðitímabili þegar 548 laxar komu á land.

– thelma@bb.is

Samkaup úrval góðir grannar

Sparnaðartilboð helgarinnar **25. - 28. ágúst** **samkaupurval.is**

Nautaborgarar 120g
úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

Heill kjúklingur
frá Ísfugli

Músli frá Coop
blandað eða með súkkulaði, 750g

Tilboð!
Barnableiur, olía og sjampó frá Anglamark
vottaðar, umhverfisvænar og ofnæmisprófaðar vörur

P&Ö Birt með fyrirvara um prentvillur.

Áheyrnarprufur hjá LL

Áheyrnarprufur fyrir leikritið Dampskipið Ísland sem Litli leikklúbburinn hyggst setja upp verða í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardag. Húsið opnar kl. 14 og þá fer fram kynning á fyrsta verkefni vetrarins en leikprufurnar hefjast kl. 15. Boðið upp á kaffi og með því.

„Við erum ekki eingöngu að leita að leikurum heldur erum við að leita að öllu staffinu, búningahönnuðum, leikmyndasmiðum og bara hverju sem er. Gott væri ef fólk væri búið að gera upp við sig áður en það mætir á staðinn hvort það ætli að leggja leik fyrir sig eða vilji vera á bak við tjöldin," segir Þröstur Ólafsson formaður LL.

„Það sem hefur standið okkur fyrir þrifum undanfarin ár er að við erum heldur færri en við hefðum viljað en Litli leikklúbburinn er opinn öllum og við viljum endilega fá sem flesta inn." Félagatalið er 60-70 manns. „Einn fjórði er þó ekki á staðnum og annar fjórðungur er lagstur undir feld og búinn að skila fyllilega sínu og sumir eru hreinlega komnir á aldur. Við viljum endilega hafa sem flesta og að þeir séu sem virkastir. Það þarf alls ekki að vera mikil vinna á hvern heldur að allir séu með, þannig er þetta skemmtilegast."

Spurningin

Telurðu að nógu langt hafi verið gengið í niðurskurði í heilbrigðiskerfinu

Alls svöruðu 377.
Já sögðu 333 eða 88%
Nei sögðu 44 eða 12%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Útlit fyrir norðanátt. Léttskýjað sunnanlands, en annars rigning, einkum NA-lands. **Horfur á laugardag:** Útlit fyrir norðanátt. Léttskýjað sunnanlands, en annars rigning, einkum NA-lands. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir vestlæga átt með súld en bjart austanlands. Hlýnandi veður um land allt.

Ferðamálasamtök Vestfjarða selja 45% af hluti sínum í Vesturferðum ehf.

Selja hlut í Vesturferðum

Ferðamálasamtök Vestfjarða ráðgera að selja 45% af eignarhlut sínum í ferðaskrifstofunni Vesturferðum. Eftir söluna munu samtökin eiga 25% í fyrirtækinu. Þegar andvirði hlutarins hefur fengist greiddur frá væntanlegum kaupendum munu frekari greiðslur renna til hlutafjáraukningar. Heildarhlutir sem seldir verða nema um sjö milljónum króna og ráðgert að er að hlutafjáraukningin nemi um 2,5 milljónum króna. Ferðamálasamtökin keyptu 70% hlut í Vesturferðum í vor af Hótel Ísafirði og Flugfélagi Íslands og var markmiðið með kaupunum að skapa vettvang til að byggja upp sameiginlega sýn sem stuðlaði að styrkingu ímyndar svæðisins.

„Með kaupunum vildum við treysta undirstöður vestfirskrar ferðaþjónustu, en það var alltaf stefnan að selja hluta af eigninni aftur," segir Sigurður Atlason formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða. Ætlunin með sölunni og hlutafjáraukningunni er að fá ferðaþjónustufyrirtæki á Vestfjörðum og alla þá sem áhuga hafa á vestfirskum ferðamálum til að kaupa hlut í fyrirtækinu. Ferðamálasamtökin telja að samræma þurfi aðgerðir í ferðamálum á Vestfjörðum og tryggja öfluga gátt með skilvirka bókunarþjónustu, sem skilar arði til að fjármagna markaðssetningu svæðisins í heild.

„Við viljum þjappa þeim saman sem koma að ferðaþjónustu á kjálkanum, þannig að vestfirskir aðilar sem eru að huga að sínu og vilja koma vörum sínum á framfær,i komi að verkefninu. Með þessu verður til einn stór markaður þar sem auðvelt verður að nálgast það sem er í boði er í ferðaþjónustu á Vestfjörðum," segir Sigurður, en hagsmunir ferðaþjónustufyrirtækja verða hafðir að leiðarljósi við rekstur fyrirtækisins.

Ferðamálasamtökin reikna með sterkri tengingu við Markaðsstofu Vestfjarða. Verið er að skoða hvort vefsíða Markaðsstofunnar geti orðið að gagnvirkri sölusíða á allri ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Heimasíðan yrði þá fyrsta landshlutasíðan á Íslandi sem væri ekki aðeins kynningarsíða heldur einnig sölusíða. „Engin endanlega ákvörðun hefur þó verið tekin í þessu máli."

Lágmark hlutakaupa er 50 þúsund krónur en hámarkið er 500 þúsund krónur. „Við erum bjartsýn á að þetta takist. Þó nokkur áhugi hefur verið sýndur á kaupum á hlutum í fyrirtækinu, það er hugur í ferðaþjónustunni og menn sjá þarna tækifæri til að koma vörum og þjónustu enn betur á framfæri," segir Sigurður.

Ritstjórnargrein

Hænufet

Árum saman hefur Vestfirðingum, og sitjandi ríkisstjórnum, verið ljóst að frumstætt vegakerfi, innan fjórðungsins og við aðra landshluta og lítil og ótrygg raforka væru helstu þröskuldarnir í vegi fyrir framsækni og þróun atvinnulífs á Vestfjörðum. Og jafn lengi hafa stjórnvöld daufheyrst við ábendingum heimamanna um þörfina fyrir úrbótum. Lengi vel var rafmagnsleysi að vetri til, líkt og fastur liður í dagskrá Ríkisútvarpsins og enn flokkast samgöngur á landi undir sumarferðir. Sagan ber þessu órækt vitni. Ef til vill kann það að vekja vonir um að eitthvað fari að birta til, að innanríkisráðherra hefur ítrekað lýst yfir að við forgangsröðun í samgöngumálum verði Vestfirðir efstir á blaði. Fyrirheitin eru þó sem fyrr, fugl í skógi en ekki í hendi.

Í ágúst 2008 kvað þáverandi iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, svo sterkt að orði, að Hvalárvirkjun gæti skipt algjörum sköpum í orkumálum Vestfjarða og að „það (væri) einfaldlega staðreynd og hvorki stjórnvöldum né orkufyrirtækjum til sóma, að Vestfirðir (byggju) við þriðjaflokks raforkukerfi." Minna dugði ekki! Eigi að síður, og þrátt fyrir ótal samþykktir og ábendingar heimamanna um mikilvægi Hvalárvirkjunar og kröfuna um að sitja við sama borð og aðrir landshlutar, er enginn fugl í hendi Vestfirðinga hvað úrlausn orkumála varðar. Og þrjú ár runnin úr stundaglasinu út í tómið!

Á fundi um orkumál á Vestfjörðum, sem haldinn var á Ísafirði í mars s.l. upplýsti iðnaðarráðherra að virkjunarmöguleikar á Vestfjörðum hafi ekki komist inn í síðustu endurskoðun rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma vegna skorts á upplýsingum. Sú dapurlega staða bendir augljóslega til að lítið hafi farið fyrir eftirfylgni orða ráðherrans frá 2008.

Þótt vitað sé að ekki verði allir á eitt sáttir um þingsályktunartillögu, sem að því er best er vitað verður lögð fram á komandi þingi, um flokkun virkjunarhugmynda, ber að fagna því skrefi, sem þar hefur verið stigið. Niðurröðun hugsanlegra virkjunarsvæða í verndarnýtingar- og biðflokk, ætti að leiða til vitrænnar umræðu og koma einhverri skikkan á þessi mál í stað þess bunugangs sem viðgengist hefur.

Ánægjulegt er að Hvalárvirkjun skuli vera ein þeirra virkjunarhugmynda sem settar eru í nýtingarflokk. Ekki verður öðru trúað en að það gefi orðum iðaðarráðherra, um að gengið verði af festu í að finna lausn á orkumálum Vestfirðinga, byr í seglin.

Hænufetið er ekki langt. Öllu skiptir þó að það sé í rétta átt. Vestfirðingar leyfa sér að ætla að búið sé að opna leið fyrir stórt skref í raforkumálum fjórðungsins með tillögunni um Hvalá. Sömuleiðis leyfa þeir sér að vona að tillögur um að „sumarvegir" á Vestfjörðum fari að heyra sögunni til, líti fljótlega dagsins ljós.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is.* · Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, *asta@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FROSINN LAUS MAIS 450G

TRÓPÍ 330ML

FLORIDANA 330ML

ORKUDRYKKUR 1/2 LTR.

HAFRAMJÖL 500G

UPPÞVOTTABURSTI

KRUKKA MEÐ LOKI FYRIR SULTU

TVEIR TANNBURSTAR

SALTSTANGIR 200G

FYRIR MINNA EN 100 KR 100 krónur

KATTAMATUR 100G

HUNDAMATUR 300G

BÓNUS FLATKÖKUR

YUM-YUM NÚÐLUR 70G

DREAMGLOW: ANDLITSGRÍMA, HÁLSBÖND, EYRU, STAUKAR, MUNNLJÓS

LEIRSKÁL 14 SM

EYRNAPINNAR

HOLLENSKT HVÍTKÁL

HOLLENSKT RAUÐKÁL

HOLLENSKAR RAUÐRÓFUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Var aldrei vorkennt

Helga Ásgeirsdóttir tekur á móti blaðamanni á mildum ágústmorgni á heimili sínu að Seljalandsvegi. Þegar rjúkandi kaffibollar eru komnir á matarborðið, þaðan sem gestir hafa útsýni yfir fjörð og fjöll, segir Helga blaðamanni frá uppvextinum á Ísafirði, en hér hefur hún búið alla sína tíð.

Heimilið undirlagt tónlist

Helga er ein þriggja dætra hjónanna Messíönu Marzellíusdóttur og Ásgeirs S. Sigurðssonar. „Mamma er Ísfirðingur og faðir minn að norðan, úr Laxárdal í Þingeyjarsýslu," útskýrir Helga, sem á því marga ættingja bæði hér á Ísafirði og fyrir norðan. Foreldrar Helgu hafa búið á Ísafirði öll sín búskaparár, en kynntust þó ekki hér á svæðinu. „Nei, mamma fór á húsmæðraskóla á Laugum og náði í hann þar," segir Helga og brosir. „Hún kom svo með hann hingað," bætir hún við.

Helga er því fædd og uppalin á Ísafirði, en náði þó einnig að rækta tengslin við fjölskylduna fyrir norðan. „Ég fór í sveit til ömmu minnar fyrir norðan í eitt, tvö sumur. Ég náði því áður en hún dó. Hún var að vísu ekki með búskap þá, var hætt með kindur og slíkt, en bjó í sveitinni. Þar var ekki einu sinni heitt vatn í húsinu, svo til að fara í bað var bara hitað vatn á eldavélinni og hellt í bala," segir Helga frá.

Foreldrar hennar eru þekkt tónlistarfólk á Ísafirði. Harmónikusafn Ásgeirs, sem hann gaf Byggðasafni Vestfjarða fyrir nokkrum árum, heillar margan ferðamanninn sem leggur leið sína á safnið, og Messíana starfar enn sem tónlistarkennari. Helga er því alin upp á miklu tónlistarheimili.

„Ég hef nú reyndar aldrei lært á harmóníku," bendir hún á. „Ég lærði á píanó og fiðlu, en svo komst maður á unglingsár og þá gafst maður upp á því öllu saman og henti út í horn," segir hún og brosir við. „Ég spila ekkert í dag en lærði reyndar seinna á gítar í eitt ár. Þetta er nú það sem ég er búin að læra í tónlist. Við fengum samt mikið tónlistaruppeldi, systurnar. Mamma kenndi á píanó í mörg ár, áður en hún fór að kenna á harmóniku. Það gerði hún bara heima, svo við ólumst upp við pínóspilið alla daga. Á þeim tíma hafði Tónlistarskólinn enga byggingu til umráða, svo kennararnir tóku nemendur heim til sín í tíma. Það breyttist ekki fyrr en skólinn fór inn í húsnæði húsmæðraskólans, þar sem hann er núna," útskýrir Helga.

Þegar píanókennslu dagsins lauk var þó ekki þar með sagt að þögn færðist yfir heimilið. „Nei, það var alltaf einhver tónlist. Svo var pabbi auðvitað alltaf að spila á harmóniku á kvöldin, þegar hann var búinn í vinnunni. Þá var hann að æfa sig. Það var eiginlega tónlist frá morgni til kvölds," segir hún.

Fæddist með sjaldgæfan sjúkdóm

Helga er fædd árið 1963. Strax við fæðingu hennar varð ljóst að hún var haldin arfgengum húðsjúkdómi sem nefnist Ichthyosis. Latneskt nafn sjúkdómsins er dregið af gríska orðinu *ichthys*, sem þýðir fiskur. Ástæða nafngiftarinnar er sú að húð fólks með sjúkdóminn getur orðið svo þurr og sprungin að útlit hennar minnir á fiskhreistur. Til eru margar gerðir sjúkdómsins og geta einkenni sjúklinga verið afar misjöfn. Fjölmargir þurfa að glíma við vægari afbrigði sjúkdómsins eða einn af hverjum 250. Þá getur sjúkdómurinn einfaldlega komið fram sem húðþurrkur sem gott rakakrem getur haldið í skefjum, svo að margir átta sig jafnvel ekki á því að um skilgreindan húðsjúkdóm sé að ræða. Alvarlegri afbrigði, eins og það sem Helga fæddist með, eru hins vegar miklum mun sjaldgæfari.

„Bróðir pabba míns á tvo syni sem eru líka með þennan sjúkdóm, svo þetta er í fjölskyldunni," segir Helga frá. „Það kom reyndar ekki í ljós fyrr en seinna, því þessir frændur mínir eru ekki fæddir fyrr 1974 og 1977. Ég var um fermingu þegar yngri strákurinn fæddist. Við vitum ekki um önnur tilfelli aftar í fjölskyldunni," útskýrir Helga.

„Hjá mér er þetta mjög þurr húð. Áður en ég komst á þau lyf sem ég er á í dag, gat ég lítið sem ekkert verið úti í mikilli sól. Svitaholurnar í húðinni voru eiginlega bara lokaðar og þá nær líkaminn ekki að koma hitanum út til að kæla sig niður. Það var þess vegna mjög erfitt fyrir mig að vera úti í heitu veðri á sumrin. Ég hékk bara inni," segir Helga frá, og játar því að sjúkdómurinn hafi háð henni upp að vissu marki. „Ég þoli til dæmis ekki klór. Hann þurrkar húðina enn meira. Ég náði nú að læra að synda og svoleiðis, en síðan hætti ég bara að fara í sund. Það var svo óþægilegt að ég sleppti því bara. Eins fékk ég að sleppa leikfimi þegar ég var komin á unglingsárin," segir hún.

Tók þátt í lyfjatilraun

Tæplega tvítug tók Helga þátt í prófunum á nýju lyfi í Danmörku, en hún segir lyfið hafa gjörbreytt lífi sínu. Hún og foreldrar hennar komust á snoðir um tilraunina í gegnum kunningja sem glímdu við sama sjúkdóm.

„Mamma kynntist konu þegar ég fæddist sem átti tvo syni, nokkrum árum eldri en ég, með þennan sjúkdóm. Ég hef haldið dálitlu sambandi við þá. Annar þeirra var í háskóla í Danmörku. Hann frétti af þessum tilraunahóp og komst einhvern veginn inn í hann ásamt bróður sínum. Þannig komst ég að þessu og var líka tekin inn í hópinn," útskýrir Helga.

„Ég fór fyrst til Danmerkur árið 1974, þá ellefu ára gömul. Ég var þar á spítala í einn mánuð og fékk einhver krem og svona. Árið 1981, átján ára gömul, fór ég svo út á sama spítala til að taka þátt í að prófa þessi nýju lyf fyrir lyfjaverksmiðju. Ég fór þrisvar sinnum út á því ári og var inni á spítala í samtals níu eða tíu vikur," segir Helga frá.

Aðspurð segir hún aldrei hafa verið smeyk við að taka þátt í slíkri tilraun. „Ég hugsaði ekki einu sinni út í það. Ég var ekkert hrædd við þetta. Þetta var líka mjög nákvæmt og mjög vandlega farið með allt. Það voru teknar blóðprufur vikulega til að fylgjast með áhrifum lyfjagjafarinnar og ég var öll orðin marin undir lokin " segir hún og kímir.

„Ég hafði engar áhyggjur, en þetta var hins vegar svolítið ævintýraleg reynsla. Þetta var kennslusjúkrahús í Árósum og í eitt skipti var ég til dæmis notuð sem prófverkefni. Kandídatinn átti þá að finna út hvað væri að mér og sjúkdómsgreina mig. Svo fór ég inn á fyrirlestra þar sem prófessorinn var að sýna nemendum húðina og svona. Ég var komin í ágætis þjálfun í því. Í síðustu ferðinni til Danmerkur var haldin stór ráðstefna húðlækna og þurfti ég, ásamt fleiri sjúklingum, að sitja sem sýningargripur hálfan daginn með beran handlegginn meðan læknarnir gengu um með ráðstefnubæklinginn og skoðuðu okkur," segir hún og brosir við.

Lyfin gjörbreyttu lífinu

Frá því að lyfjaprófanirnar hófust í Danmörku hefur Helga neytt lyfjanna daglega, og þau hafa breytt lífi hennar mikið. „Þangað til að ég komst á þessi lyf var eiginlega engin meðferð í boði. Þá voru bara notuð krem. Ég fékk svo ný krem 10 árum eftir að ég byrjaði á inntökulyfjunum sem ég nota í dag samhliða lyfjunum," útskýrir hún.

„Lyfin mýkja húðina og halda þessu öllu niðri. Vegna sjúkdómsins myndast þurrar húðflögur, en lyfin minnka það til mikilla muna og einnig er meiri raki í húðinni. Þau virðast líka opna svitaholurnar svo líkaminn getur kælt sig," segir Helga. „Áður fyrr þurfti ég að fara í bað og liggja í því vel og lengi á hverjum einasta degi, bara til að mýkja húðina. Nú fer ég bara í sturtu á morgnana, ber á mig kremin og þá er ég tilbúin í daginn. Lífsgæðin bötnuðu ótrúlega mikið - ég myndi segja að þetta væri alveg svart og hvítt. Ég var meira að segja svo brött eftir að ég komst á þessi lyf að ég fór til Spánar strax árið eftir. Mér fannst þetta sko ekkert mál!" segir Helga og brosir.

„Áður fyrr þoldi ég ekki sól og hita, en þarna skellti ég mér á Costa del Sol á heitasta tímanum. Það var frábært og gekk mjög vel," bætir hún við. Helga hefur ferðast töluvert síðan, þó hún hafi ekki heldur látið sjúkdóminn stoppa sig áður en lyfin komu til sögunnar. „Ég er búin að fara til Bandaríkjanna, Kanada, Frakklands, Hollands, Írlands og Bretlands, fyrir utan Spán. En ég fór líka til Noregs þegar ég var sextán ára, áður en ég byrjaði á lyfjunum, ég lét sjúkdóminn ekkert stoppa mig í því. Það var bara hitinn sem var erfiður," útskýrir hún.

Hún veit ekki nákvæmlega hversu margir á Íslandi glíma við sama sjúkdóm. „Ég heyri hins vegar af hinum og þessum... Ég gæti trúað að við værum á milli tíu og tuttugu á landinu. Ég veit að minnsta kosti ekki af fleirum. Það eru líka til svo margar týpur af þessum sjúkdómi. Ég og frændur mínir getum til dæmis ekki sagt að við séum með alveg nákvæmlega eins sjúkdóm, en mjög svipuð einkenni," segir Helga.

Ekki er heldur mikið rætt eða fjallað um Ichthyosis í samfélaginu. „Ég get nú sagt frá því að í gærkvöldi var ég að horfa á glæpaþátt í Ríkissjónvarpinu þar sem þessi sjúkdómur var nefndur - og það er bara í fyrsta skipti sem ég hef heyrt á hann minnst í slíku samhengi. En þeir hafa nú eflaust bara tekið þetta upp úr einhverri bók, því sjúkdómseinkennin voru allt önnur en þau sem ég kannaðist við," segir Helga og hlær við.

Gott að alast upp á Ísafirði

Það er ekki sjálfgefið að barn og unglingur sem glímir við húðsjúkdóm vaxi úr grasi með heila og sterka sjálfsmynd, eða þá lífsgleði sem einkennir Helgu. Hún segir sjúkdóminn hins vegar ekki hafa markað sig að neinu afgerandi leyti.

„Ég held að þetta hafi ekkert háð mér. Ég átti góða vini og góða vinkonu sem stóð mér í gegnum allt saman. Það eru bara tveir dagar á milli okkar, við lágum hreinlega saman í vöggu. Við vorum vinkonur öll unglingsárin og hún stóð með mér í gegnum súrt og sætt," segir Helga. „Ég varð svo sem fyrir einhverju áreiti, en ég var alin upp þannig að mér var aldrei vorkennt. Það er það versta sem þú upplifir, ef þú finnur að þér er vorkennt - þá fer sjálfsmyndin svolítið niður. En foreldrar mínir gerðu það aldrei, heldur ólu mig bara upp eins og hvern annan krakka. Ég var ekki hanteruð neitt öðruvísi í lífinu. Ég held að það hafi verið mjög gott," segir Helga.

„Auðvitað fékk ég á mig einhverjar blammeringar og svoleiðis, en það var ekkert sem risti djúpt. Ég man sérstaklega eftir því þegar einhver krakki var að kalla eitthvað á eftir mér. Þá heyrði fullorðinn maður, vinur fjölskyldunnar, til hans og hann tók krakkann svoleiðis á teppið," segir hún og brosir.

Helga segir jafnframt hafa notið heilshugar stuðning foreldra sinna og fjölskyldu alla tíð. „Foreldrar mínir voru æðislegir og studdu mig í þessu, þau stóðu með mér eins og klettar alla tíð. Mamma kom til dæmis með mér út til Danmerkur í öll skiptin," segir Helga, sem kveðst halda að það hafi gert henni gott að alast upp á Ísafirði. „Ég held að það sé mun betra að alast upp í litlu samfélagi, þar sem allir þekkja alla, en stóru þegar eitthvað svona bjátar á", segir Helga.

Úr grunnskóla í háskóla

Sem áður segir er Helga menntuð viðskiptafræðingur og starfar í dag hjá fyrirtækinu Ísfangi, sem flytur út sjávarfang. Hún fór þó nokkuð óhefðbundna leið í sínu námi.

„Ég klaraði grunnskólann og fór svo bara beint að vinna. Ég

fór þá að vinna hjá fyrirtæki sem hét Sandfell og var þar í níu ár. Þaðan fór ég í Bræðratungu, þar sem ég vann í tvö ár og svo til Ísfangs. Þar var ég með sama yfirmann og ég var með hjá Sandfelli. Ég hef verið þar síðan," útskýrir Helga, sem ákvað hins vegar að drífa sig í háskólanám árið 2001. „Ég sleppti hins vegar menntaskólanum alveg, en fékk starfsreynsluna metna í staðinn. Háskólann tók ég svo í fjarnámi meðfram fullri vinnu," segir Helga, sem segir áhugann á viðskiptafræðinni hafa komið til vegna vinnunnar. „Fyrst að námið bauðst svo hérna í fjarnámi passaði þetta vel," segir hún.

Helga neitar því þó ekki að það hafi verið meira en að segja það að setjast aftur á skólabekk eftir svo langt námshlé. „Þetta var alveg ofboðslega erfitt fyrst. Ég hafði enga undirstöðu í stærðfræði, til dæmis. Þetta hafðist samt allt með þrjóskunni," segir hún og brosir. „Ég átti að klára námið á fjórum árum en ég tók þetta á fimm, fyrst ég var í fullri vinnu með. Svo þetta gekk ljómandi vel," segir Helga.

Auk vinnu sinnar hjá Ísfangi starfar hún fyrir Vestra og sér að auki um bókhald fyrir rækjuverksmiðju á Hvammstanga. „Mér finnst ég verða að hafa nóg að gera, ég er bara þannig manneskja," segir Helga, en áhugamál hennar bera þeirri afstöðu hennar sömuleiðis vitni.

Fékk nóg af klassík

Aðspurð um áhugamál sín er Helga fljót til svars: „Það er tónlist. Tónlist, fyrst og fremst. Ég hef reyndar ekki mikinn áhuga á klassískri tónlist, en flestöllu öðru. Klassíkin er ekki alveg mín deild - ætli ég hafi ekki bara fengið nóg af henni í æsku!" segir hún og hlær við. „ Tónlistarsmekkurinn er svolítið víður, ég hef gaman af poppi og rokki og öllu mögulegu. Og svo finnst mér alveg rosalega gaman að fara á tónleika. Ég fór til dæmis á Eagles núna í júní. Það var alveg frábært - þeir toppuðu meira að segja Eric Clapton," segir Helga, sem er dugleg að fara suður til að sækja slíka viðburði.

„Ég get eiginlega ekki sleppt því. Ég fór líka á Elton John þegar hann kom og hélt útitónleikana á Laugardalsvellinum. Hann var nú eiginlega sístur. Ég man að maður var svo fúll; maður var búinn að borga sig inn og keyra frá Ísafirði, en þegar það fór að líða á tónleikana hleypti hann bara öllum inn. Ég veit ekki alveg af hverju, kannski af því að það voru of fáir til að þetta liti vel út. En það var ömurlegt veður, svo kalt að maður var bara með kakó í brúsa til að halda á sér hita. Hann hefur greinilega ekki kannað aðstæður nógu vel. Og svo var hann líka bara á píanóinu, en ekki með hljómsveit með sér," segir Helga, sem segir Eaglestónleikana hafa verið þá bestu sem hún hafi séð.

„Það var fagmennska alveg út í gegn og mikið af aðstoðarmönnum að spila með þeim. Eric Clapton var að vísu flottur líka, en hann talaði hins vegar svo til ekkert við fólkið og spilaði ekki nógu mikið af sínum þekktustu lögum," bætir hún við.

Hellir sér í ættfræði

Auk tónlistarinnar finnur Helga sér tíma til að sinna fjölmörgum öðrum áhugamálum og hugðarefnum sínum. „Ég hef líka mikinn áhuga á kvikmyndum og mjög gaman af ljósmyndun - og lesa góðar bækur, auðvitað," telur hún upp.

Þar fyrir utan hefur Helga unun af útivist, og þá sér í lagi gönguferðum. „Mér finnst voða gaman að ganga, en sjúkdómsins vegna verð ég hins vegar að komast í það á hverjum degi. Ég get þess vegna ekki farið á Hornstrandir og verið þar í marga daga. En það er bara eitthvað sem maður tekur eins og hverju öðru og hagar sér eftir," segir Helga. „Til dæmis fer ég ekki í sundlaugar hérna. Þegar ég fer norður fer ég að minnsta kosti tvisvar í jarðböðin í Mývatnssveit, sem ég er mjög hrifin af. Hér heima fer ég svo sundlaugina í Reykjanesi, því þar er ekki klór. Það er bara verst hvað það er langt þangað! Svo á ég reyndar eftir að prófa Bláa lónið, það er spurning hvernig það virkar," bætir hún við.

Í vetur ætlar hún svo að reyna fyrir sér á nýjum vettvangi. „Ég er nýfarin að grúska svolítið í ættfræði. Ég á nefnilega ættingja í Vesturheimi sem ég hef svolítinn áhuga á. Það væri til dæmis gaman að vita hvort þessi sjúkdómur hafi komið upp þar," útskýrir Helga. „Fimm systkini langafa míns fóru til Vesturheims. Mér finnst þetta mjög forvitnilegt, en ég er ekki komin mjög langt áleiðis. Hingað til hef ég ekkert verið í ættfræðinni, annað en bara svona á ættarmótum," segir hún og brosir við.

Fjölskylda Helgu hefur ekki haldið sambandi við ættingjana í Vesturheimi að hennar vitund. „Nú er ég hins vegar komin með bréf sem fóru þeirra á milli og það hjálpar mér svolítið að rekja. Ég útvegaði mér líka aðgang að bandarískri ættfræðisíðu sem ég ætla að sökkva mér svolítið í í vetur," segir Helga. „Það er gaman að hafa eitthvað svona að vinna að," bætir hún við.

Menntaskólinn settur í 42. sinn

Menntaskólinn á Ísafirði var settur í 42. sinn á mánudag. Skráðir nemendur við skólann í vetur eru 310 eða tveimur fleiri en á síðasta skólaári. Nýnemar eru þó heldur færri í ár en á síðustu árum. Í ár eru þeir 70 samanborið við 77 í fyrra og 87 árið 1009. Að sögn Hildar Halldórsdóttur, aðstoðarskólameistara MÍ, fer fjöldi nemenda eftir árgangastærð á Ísafirði og í byggðakjörnunum í kring því um 95% af nemendum skólans eru þaðan. Stærsti hluti nemendanna er á bóknámsbraut en 62% þeirra eru skráðir í félagsfræði og náttúrufræðibraut. Ef almennri braut er bætt við hækkar hlutfallið í 70%. Eins og staðan er í dag hefur dregið úr vinsældum verknámsins en grunnám í hár- og snyrtigreinum hefur verið feikivinsælt í ár.

„Það er fullt hjá okkur á þessa braut en það er aðeins pláss fyrir 13 nemendum í hár og snyrtigreinum. Við þurftum því að hafna einhverjum," segir Hildur um vinsældir brautarinnar. „Við tókum þátt í verkefni á vegum menntamálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar í vor þar sem ungt fólk á atvinnuleysiskrá var hvatt til að fara aftur í menntaskóla. Við vorum meðal annars með okkar fulltrúa á kynningu í Laugardalshöllinni í Reykjavík. Þetta verkefni var líka í gangi hér á Vestfjörðum og bar árangur, það eru nokkrir héðan af vestan sem eru að koma af atvinnuleysiskrá og eru að hefja nám hjá okkur í ár," segir Hildur.

Tuttugu nemendur eru skráðir á heimavist MÍ en undanfarin ár hafa aðeins um fjórtán nemendur verið á heimavist. „Heimavistin var tekin í gegn fyrir nokkrum árum og endurgerð. Herbergi voru sameinuð og stækkuð og búið til baðherbergi í hverju herbergi á hluta heimavistarinnar. Öll þessi herbergi eru nýtt í ár. Það eru eldri herbergi í annarri álmu sem eru laus en þau eru yfirleitt leigð út síðust því þeim fylgir ekki sér baðherbergi. Það er orðið svolítið síðan að svo margir nemendur eru hjá okkur á heimavist," segir Hildur, en á heimavistinni geta allt að 36 nemendur búið ár hvert. Flestir nemendur á heimavist koma frá Þingeyri og þaðan af lengra.

Fjölmenni var við setninguna.

LYFJA
- Lifið heil

Starf í boði

Lyfja hf., á Ísafirði leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum starfsmanni. Reynsla af þjónustu- og afgreiðslustörfum er æskileg. Vinnutími frá kl. 13-18.

Nánari upplýsingar veitir Jónas Þ. Birgisson lyfsali í síma 456 3009 eða á jonas@lyfja.is.

smáar

Til sölu er nýtt 7201 Avasta-bil sjávarfiskabúr. Uppl. í síma 867 1593.

Til leigu er nýuppgerð 53m², 2ja herb. íbúð að Miðtúni 27 á Ísafirði. Íbúðin er laus til leigu frá 1. september. Upplýsingar í síma 861 0042.

Til leigu er 3ja herb. íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi í hjarta bæjarins. Sérinngangur, geymsla og sameiginlegt þvottahús. Uppl. í síma 867 4832.

Langar þig að láta spá fyrir þér í bolla? Hringdu þá í síma 456 8333.

Tveir svefnsófar fást gefins eða fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 864 3589.

Á einhver diktafón fyrir litlar spólur sem hægt væri að fá lánaðan? Hafið þá samband við Söru í síma 618 3523 eða Jónu í síma 862 9908.

Til sölu er Toyota LandCruiser 90 VX árg. 1999, ekinn 242 þús. km. Breyttur fyrir 35" dekk + 33" dekk á felgum fylgja með. Sjálfskiptur, dísel, fjarstart og dráttarbeisli. Uppl. í símum 820 6007 og 456 4244.

Brún, skellótt lítil læða hvarf úr Hafraholti í síðustu viku. Hún er ekki með ól. Þeir sem geta gefið upplýsingar um hana hafi samband við Huldu í síma 860 4414.

Þriggja herb. íbúð óskast til leigu á höfuðborgarsvæðinu sem fyrst. Uppl. gefur Hulda í síma 860 4414.

Teikning af fyrirhugðum varnargarði. Myndvinnsla var í höndum Ómars Smára Kristinssonar.

Matsáætlun á umhverfisþáttum kynnt

Tillögur að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum vegna ofanflóðavarna undir Gleiðarhjalla í Skutulsfirði hafa verið kynntar á vefsíðum Ísafjarðarbæjar og Náttúrustofu Vestfjarða. Markmið framkvæmdanna er að auka öryggi íbúa og vegfarenda á svæðinu. Um er að ræða íbúabyggð við Hjallaveg og Hlíðarveg en framkvæmdasvæðið nær frá Urðarvegi út að Ísafjarðarvegi. Gert er ráð fyrir að varnarvirkin verji um sextíu íbúðir.

Það er Náttúrustofa Vestfjarða sem hefur umsjón með matinu, Ísafjarðarbær er framkvæmdaraðili og Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með framkvæmdunum. Hægt er að senda athugasemdir eða ábendingar til Skipulagsstofnunar til 6. september nk. *– asta@bb.is*

Shiran ráðinn þjálfari UMFB

Neil Shiran Þórisson, fráfarandi þjálfari fyrrum úrvalsdeildarliðs KFÍ, hefur verið ráðinn þjálfari hjá körfuknattleiksdeild UMFB. Tekur hann við af Þóri Guðmundssyni sem hefur ákveðið að stíga til hliðar sem þjálfari sökum mikilla anna í vinnu og námi. „Shiran, sem er flestum aðdáendum Bolvíkinga vel kunnur, er af mörgum talinn einn af allra efnilegustu ungu þjálfurum á Íslandi í dag. Hann er lærður viðskiptafræðingur, sem kemur sér vel í öllum samningarviðræðum við leikmenn sem fram munu fara í haust, auk þess sem hann á gott safn af jakkafötum og þarf því ekki að líta út eins og heimilis hóbó á hliðarlínunni " segir á vef deildarinnar. Þess ber að geta að Þórir hefur ekki yfirgefið herbúðir Bolvíkinga heldur mun hann reyna að mæta eftir því sem vinnan og námið leyfir, helst til þess að restin af liðinu „gleymi ekki hver sé besti körfuknattleiksmaðurinn sem Hnífsdalur hefur alið“, eins og haft er eftir honum á vef deildarinnar.

– thelma@bb.is

Neil Shiran Þórisson, nýráðinn þjálfari UMFB. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Það er

ódýrara að vera áskrifandi!

Síminn er 456 4560

Fækkar á Vestfjörðum

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Vestfirðingum fækkar enn. Þá er átt við þá íbúa sem skráðir eru til búsetu á Vestfjörðum. Að sjálfsögðu fækkar Vestfirðingum ekki beinlínis. Þeim fjölgar ef taldir eru afkomendur þeirra sem enn fæðast víða um land. Fólki af vestfirskum stofni fjölgar. Það er gott. En það er vont að fólki búsettu á Vestfjörðum skuli fækka. Þar með veikist byggð og líkur aukast á því að þessi óheillaþróun verði viðvarandi. Á henni kann að herða verði ekkert að gert. Í fjórðungnum býr gott fólk og hér er margt eftirsóknarvert, en því miður stefnir allt í það að skráðir íbúar Íslands safnist saman á suðvesturhorni þess.

Kannski finnst stjórnarherrum, karl- og kvenkyns, fátt að því að allir safnist á lítinn hluta landsins. En þá gleymist að landið er stórt og býr yfir mörgum kostum. Varla er það gott að allir búi á og við „malbikið". Tengsl íbúanna við náttúruna rofna. Líf okkar verður fátæklegra og steypist í sama mótið. Byggðastefna er hugtak sem verður óljósara með hverju árinu. Það er svo að nóg kostar að reka Byggðastofnun og virðist litlu breyta þó hún hafi flust til Sauðárkróks. Alþingi hefur valið að verja fé til byggðamála. Árangur lætur á sér standa. Nógar eru þó afskriftir og tapað fé. Byggðastofnun er ríkisrekinn banki en litlar kröfur virðast gerðar til ávöxtunar þess fjár sem almenningur leggur í byggðamál.

Það er og hefur of lengi verið vandamál að gera kröfur til þess að vel sé farið með fé skattgreiðenda. En þegar við bætist, að sterkur grunur er uppi um að Byggðastofnun hafi viljandi eða óviljandi tafið endurreisn fiskvinnslu á Flateyri, vakna miklar efasemdir. Á Flateyri hefur fólki fækkað líkt og annars staðar á Vestfjörðum. Brýnt er að snúa þeirri óheillaþróun við. Nú kann að vera að stjórnmálamenn, en þeir stýra Byggðastofnun, sjái ekki ljósið. Ef það er svo að fiskvinnsla á Flateyri sé ekki á vetur setjandi þá eiga þeir að hafa kjark til að segja það fullum fetum. Það mundi þá ekki skemma fyrir að bent væri á aðrar lausnir af hálfu Byggðastofnunar, sem hefur það hlutverk að standa vörð um og efla byggð á Íslandi.

Það virðist ekki mikil þörf á því að efla byggð í Reykjavík. Sú efling verður að sjálfu sér. Þó flýja þeir sem minnst mega sín á Reykjanesið í leit að ódýrara húsnæði. En það er þörf að standa vörð um byggð á Vestfjörðum, Norðurlandi Vestra og í Norður – Þingeyjarsýslu - mikil þörf. Bregðist það brestur margt, vonir fólks og traust á lögum og framkvæmd þeirra og þeim sem þar bera ábyrgð.

Vestfirðingar eru nú 7.137 og aðeins 2% íbúa Íslands, en voru 8% fyrir sextíu og einu ári og 16% fyrir rúmum hundrað árum. Tölur eru bara tölur er stundum sagt. Það er rétt, en þessar tölur eru vísbending um að breyta þarf byggðapólitík. Svo einfalt er það.

Leita lausna á frárennslisvanda

Forsvarsmenn rækjuverksmiðjunnar Kampa hf., á Ísafirði og Ísafjarðarbæjar fóru á dögunum yfir stöðu mála er varða frárennslismál frá fyrirtækinu. Í upphafi fundar lýstu báðir aðilar því yfir að þeir vildu vinna saman að lausn málanna, en í raun eru þetta tvö aðskilin mál. Frárennsli frá Kampa hefur stíflast í tvígang sem veldur því að það flæðir úr niðurföllum í Sundstræti. Við enda núverandi frárennslis myndast rauð slikja í hafnarmynninu sem af hlýst mikil sjónmengun í innsiglingunni til bæjarins. Sérstaklega er þetta slæmt þar sem að mengunin er mest þar sem að skemmtiferðarskip koma að landi og boðið er upp á sjóferðir fyrir ferðamenn, eins og segir í minnisblaði Daníels Jakobssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar.

Eftir nokkrar umræður voru menn sammála um að reyna að leysa málin með ýmsum hætti. Skoðað verði að leggja viðbótaryfirfall rétt við húsnæði Kampa sem myndi renna beint til norðurs og koma þá í kverkina við Sundstræti og Mávagarð. Ef stífla myndast myndi affallið renna þangað í stað þess að fara upp um ræsi í Sundstræti. Á þessu svæði eru tækjamenn Kampa með yfirsýn og myndu að sögn forsvarsmanna Kampa verða þess varir um leið og geta brugðist við.

Jafnframt mun tæknideild Ísafjarðarbæjar láta mynda rörin til að ganga úr skugga um að á þeim sé ekki hlykkur sem affall setjist í en í báðum tilvikum sem þetta hefur gerst hefur teppan komið í upphafi vinnuviku eftir að hafa verið stopp um einhverra daga skeið. Stíflan hefur að sögn myndast í rörinu sjálfu.

Þá hefur Kampi sótt um byggingarleyfi fyrir mjölverksmiðju við endann á húsnæði sínu er snýr að höfninni. Um er að ræða verulega fjárfestingu og er von á verksmiðjunni sem er nú í smíðum fyrir árslok. Þegar að hún verður komin í notkun eru væntingar forsvarsmanna Kampa þess efnis að það muni draga úr umræddri sjónmengun. „Því var ákveðið að bíða með frekari aðgerðir þar til að reynsla er komin á þetta hjá þeim í upphafi næst árs. Ef þetta dugar ekki til má skoða að lengja umrætt frárennslisrör," segir í minnisblaði Daníels. *– thelma@bb.is*

Í tvígang hefur flætt upp úr niðurföllum í Sundstræti vegna stíflu í frárennsli frá Kampa.

Riaan Manser á Vestfjörðum

Ævintýramennirnir Riaan Manser og Dan Skinstad voru staddir á Þingeyri undir lok síðustu viku en þeir héldu af stað frá Húsavík fyrr í sumar og hafa róið á kajak hringinn í kringum landið. Þeir félagar eru nú á lokakafla ferðarinnar. Meðal afreka Riaans Manser er að hjóla hringinn í kringum Afríku en það ferðalag tók hann tvö ár. Félagi Riaans, Dan Skinstad, er með skerta hreyfigetu og því er ferðalagið mikil áskorun fyrir hann. Tökulið er með þeim í för en stefnt er að því að framleiða raunveruleikaþátt um ævintýri þeirra félaga. Tökuliðið fylgist aðeins með ferðinni en má ekki aðstoða kappana á nokkurn hátt.
asta@bb.is

Góður trjávöxtur í sumar

Trjávöxtur var góður á Vestfjörðum í sumar. „Þótt vorinu 2011 verði tæpast minnst sem hlýju vori verður ekki annað sagt en að góðviðri og hlýindi einkum í júlí mánuði hafi gagnast trjágróðri vel á Vestfjörðum. Engar tiltakanlegar skemmdir urðu vegna vorkulda en tré voru lengi að hefja vöxt," segir Sæmundur Þorvaldsson hjá Skjólskógum Vestfjarða. Liðlega 311.000 skógarplöntum var plantað af skógarbændum á starfssvæði Skjólskóga þetta sumarið en nokkur vandamál hafa verið í nýgróðursetningum vegna þurrka og viðbúið að skakkaföll séu þar nokkur.

Á dögunum var brugðið mælistiku á nokkur hæstu tré Vestfjarða til að fylgjast með hæðarmetum líkt og starfsmenn Skjólskóga hafa gert af og til frá aldamótum. Um aldamótin reyndist hæsta tré Vestfjarða standa í skógreit í Barmahlíð í Reykhólasveit. Þetta er sitkagreni sem var gróðursett á árunum 1946-49.

Árið 2000 var tréð 14,2 metrar á hæð og fyrir viku voru skógfræðinemar frá Hvanneyri þar á ferð og brugðu máli á tréð sem nú reyndist vera 18,3 metrar á hæð. Á ellefu árum hefur það því hækkað um 401 cm. eða 36 cm á ári að jafnaði. Þetta tré heldur enn sessi sínum sem hæsta tré Vestfjarða og allmörg tré í sama lundi eru litlu lægri.

Hæsta öspin á Vestfjörðum sem starfsmönnum Skjólskóga er kunnugt um stendur í húsagarði í Haukadal í Dýrafirði (Miðbær). Tréð var hæðarmælt um síðustu aldamót og var þá 11,45 metrar en þessi ösp var gróðursett sem u.þ.b. meters há planta árið 1974. Nú er þetta sama tré 17,4 metrar og hefur hækkað um 6 metra á 12 árum eða 50 cm að jafnaði á ári. Ef svo fer fram sem horfir má reikna með að 20 metra tréhæðar markinu verði náð á Vestfjörðum á næstu 4-6 árum, og þar með tekin stefna á 30 metrana.

„Líklega væri ein aspanna sem stóð í Simmsonsgarði í Tungudal við Skutulsfjörð orðin methæðartré núna en hún mældist um 14 metrar þar sem hún lág brotin eftir snjóflóðið í apríl 1994," segir Sæmundur. *– thelma@bb.is*

Störf í þýðingamiðstöð á Ísafirði

Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins óskar að ráða þýðendur til starfa við starfsstöðina á Ísafirði. Þýðingamiðstöðin annast þýðingar ESB-gerða, sem eru á ýmsum sviðum, svo sem tækni, raungreina, fjármála, laga o.s.frv.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.

Kröfur umsækjenda:

· Háskólapróf.
· Staðgóð þekking á íslensku og ensku.
· Reynsla af þýðingum.
· Samskiptalipurð og góð framkoma.
· Gott tölvulæsi.

Kunnátta í öðru erlendu tungumáli er æskileg sem og menntun í hagfræði, náttúrufræði, verkfræði eða lögfræði. Kostur er ef umsækjendur hafa reynslu af íðorðavinnu.

Umsóknarfrestur er til og með 8. september 2011. Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, merkt „Þýðendur 2011".

Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hafa verið teknar.

Nánari upplýsingar um störfin veita Hreinn Pálsson, framkvæmdastjóri þýðingamiðstöðvar, hreinn.palsson@utn.stjr.is, og Helga Hauksdóttir, mannauðsstjóri utanríkisráðuneytisins, helga.hauksdottir@utn.stjr.is, í síma 545 9900.

Nýir ábúendur í Heimabæ

Systurnar Gabríela, Áslaug María og Helga Guðrún Friðriksdætur eru komnar aftur á heimaslóðir. Í félagi við Hjálmar Edwardsson, mann Áslaugar, og hjónin Magnús Hauksson og Ragnheiði Halldórsdóttur festu þau kaup á Brekkuhúsinu eða Heimabæjarhúsinu, svokallaða, að Heimabæ 4-5 í Hnífsdal. Húsið vakir yfir bænum, þar sem það stendur í brekkunni, og vekur athygli þeirra sem leið eiga hjá. Síðustu ár hefur húsið verið heldur dapurlegt útlits og því margir sem glöddust þegar nýjir eigendur hófu að taka til hendinni.

Blaðamaður hitti á húsráðendur í Heimabæ, þau Áslaugu, Helgu og Hjálmar, í stund á milli stríða og bað þau að segja frá aðdraganda kaupanna. „Þetta var nú bara þannig að vinur okkar, Magnús Hauksson á Tjöruhúsinu, var búinn að vera að sniglast í kringum þetta hús - rúnta og hugsa og spá," segir Hjálmar. „Svo fór hann að taka mig með á rúntinn. Ég hef komið svolítið hingað á veturna og unnið fyrir hann. Við vorum að melta þetta og þegar bærinn bað um tilboð í húsið henti Maggi inn tilboði, á meðan ég var úti á sjó. Svo var það bara slegið," útskýrir hann.

„Í fyrrasumar, þegar tilboðið hafði verið samþykkt, fengum við svo að fara hérna inn og líta í kringum okkur og laga til. Svo gengum við endanlega frá þessu öllu saman. Núna erum við eigendur og farin að fjárfesta í þessu," segir Áslaug og heldur áfram: „Það sem er líka svo skemmtilegt við þetta er að þessi tvö hús, þetta hús og Pálshúsið, byggðu þrír bræður. Páll Pálsson, sem gerði út hérna og togarinn heitir eftir, er langa-langafi okkar. Bræður hans, Jóakim Pálsson og Halldór Pálsson, byggðu svo saman þetta hús. Þetta voru sem sagt þrír bræður sem bjuggu hér á hæðinni. Það er gaman að því að þetta tengist þannig."

Helga Guðrún tekur undir það. „Mamma okkar á margar minningar af þessari brekku, og af því að vera hérna hjá afa sínum í Pálshúsi. Það eru hérna einhverjar ættarrætur," segir hún. „Það er líka frændfólk okkar sem gerði upp Pálshúsið og rekur það sem gistiheimili," bætir Áslaug við.

Sjálfar hafa systurnar enn frekari tengingu við Hnífsdal en í gegnum ættartréð. „Við unnum hér allar á sumrin í fiski og rækju og vorum þá hjá afa okkar, Jóakim Pálssyni. Við þekkjum Hnífsdal þess vegna mjög vel - við erum svona páska- og sumarbörn í Hnífsdal. Hér viljum við vera. Við vissum það alveg fyrir fram. Þegar við fengum svona tækifæri var þetta engin spurning," segir Áslaug.

Vilja halda í það gamla

Húsið í brekkunni hefur þegar tekið augljósum breytingum, en ábúendur og aðstoðarlið þeirra hafa þegar fjarlægt gamla og illa farna klæðninguna af framhlið hússins. Þau segja húsið þó vera í mun betra ásigkomulagi en margir halda.

„Þessir langafabræður okkar hafa greinilega verið ansi vandvirkir. Þetta stendur ennþá og er í frekar góðu lagi, þó að fólk hafi haft miklar ranghugmyndir um að þetta sé handónýtt," segir Helga Guðrún og Áslaug samsinnir: „Maður sér það á fólki sem kemur hingað að það verður hissa að sjá að þetta sé svona heilt."

Húsið leit hins vegar ekki sérlega vel út utan frá. „Þetta var vissulega ansi subbulegt þegar við komum að því," segir Hjálmar. „Það var búið að fara inn í húsið og halda hérna einhver partí og tæta. Það var mikið rusl og það tók sinn tíma að þrífa það allt upp hérna fyrst," segir hann.

Hópurinn á sömuleiðis töluvert verk fyrir höndum, en þau eru sammála um að vilja færa húsið nær uppruna þess og halda í hið gamla.

„Það verður kannski ekki alveg eins og upprunalega, en við viljum halda öllu þessu gamla og rífa þetta nýrra af. Við viljum setja þetta aftur í gamlan búning," segir Helga Guðrún og Áslaug tekur undir: „Við erum með alls konar hugmyndir um hvað er hægt að gera hérna, en núna erum við aðallega að kynnast þessu húsi og sjá hvað er hægt að gera. Við erum að byrja á því að taka járnið af og sjá hvernig þetta lítur út. Framhliðin lítur bara mjög vel út, svo við erum að spá í að halda áfram og sjá hvað kemur upp kassanum!" segir hún.

„Planið fyrir sumarið var að rífa klæðninguna af og klæða svo upp á nýtt með járni - þá hlið hússins sem snýr að bænum. Svo gjörbreyttist það allt þegar það kom hingað arkitekt og spurði af hverju við vildum ekki bara láta timbrið standa. Svo við breyttum plönunum og ætlum núna að rífa utan af öllu húsinu. Það verður klárað og svo verður gengið frá öllum gluggum fyrir veturinn. Við sjáum svo hvernig þetta stendur af sér veturinn og ef þetta verður fínt næsta vor þá bara leyfum við þessu að vera svona og tjörgum viðinn, eða eitthvað svoleiðis," útskýrir Hjálmar.

Ekkert þeirra hefur mikla reynslu af þeirri vinnu sem felst í að gera upp gamalt hús. „ Við fáum ráðgjöf frá alveg rosalega mörgum iðnaðarmönnum og fagmönnum. Ég segi hins vegar við alla að ég verð orðinn útlærður smiður þegar þessu er lokið!" segir Hjálmar og brosir.

Þau Áslaug hafa hins vegar áður komist í kynni við gömul hús, enda eiga þau nú aldargamalt hú í Reykjavík. „Áður en við fluttum í það áttum við annað hundrað ára hús, sem við gerðum upp, að hluta til. Það var ekki jafn mikið verk og þetta," segir Áslaug. „En við höldum líka að vankunnátta okkar standi með okkur, því okkur hefðu kannski fallist hendur ef við hefðum áttað okkur almennilega á þessu," bætir Helga Guðrún við.

Framtíð hússins óráðin

Húsráðendur hafa sett sér fjögurra ára markmið, að húsið verði komið í íbúðar- og starfshæft horf að fjórum árum liðnum. Hvert það starf verður er hins vegar langt frá því að vera ákveðið.

„Við erum ekkert búin að ákveða hvað verður hérna, hvort það verður rekstur, hvenær eða hvernig. Núna finnst okkur bara gaman að gera húsið fínt," segir Helga Guðrún. „Það eru hins vegar ýmis tækifæri," segir Áslaug, „og það væri ekki erfitt að búa til gistirými hérna. Svo væri auðvitað gaman að vera með einhverjar veitingar, fyrst við erum með þessa frábæru kokka í liði með okkur. Það væri gaman að nýta það einhvern veginn. Það er líka svo dásamlegt að sitja hérna og horfa út á Djúpið," segir hún.

Þau Magnús og Ragnheiði þekkja systurnar frá fornu fari. „Ég og Gabríela kynntumst þeim þegar við vorum að vinna hérna sem unglingar. Gabríela, aðallega, fór að vinna hjá þeim Sjómannastofunni gömlu, áður en þau opnuðu Tjöruhúsið. Þannig kynntumst við þeim og síðan eru þau bara vinir okkar," útskýrir Áslaug.

Þar sem Heimabær var notað sem verbúð á árum áður ætti ekki að þurfa stórfelldar breytingar til að geta nýtt að minnsta kosti annað húsið sem gistirými. Í millitíðinni býr Heimabæjarfólk í öðru húsinu og vinnur í hinu. Og þar fer vel um alla.

„Það voru hérna fjórtán börn um daginn. Það sofa tíu í einu rými og svo eru þessi minnstu hjá foreldrum sínum. Það hafa verið hérna tuttugu, þrjátíu manns í þrjár vikur. Við erum þá bæði í fríi og að vinna. Börnin leika sér úti og það fer vel um alla," segir Áslaug og Helga tekur undir: „Það hefur verið stanslaus gestagangur. Fólk kemur og leggur hönd á plóginn, börnin leika sér og svona. Fólki finnst gaman að koma og fá að gera eitthvað svona í fríinu. Þetta er svona kommúnustemning," segir hún.

Sælkeri vikunnar er Magni Hreinn Jónsson á Ísafirði

Ofnbakað grænmeti og sítrónubúðingur

Sælkeri vikunnar býður upp á uppskrift að ofnbökuðu grænmeti. „Þennan rétt má í raun gera úr hvaða grænmeti sem er, t.d. er fínt að nota grænmeti sem liggur undir skemmdum. Baunirnar eru hinsvegar mikilvægar enda væri annars um eintómt grænmeti að ræða," segir Magni. Einnig býður hann upp á rjómalagaðan sítrónubúðing.

Ofnbakað grænmeti

1 dós kjúklingabaunir (soðið er ekki notað)
1 sæt kartafla (meðalstór)
3 sveppir
2 gulrætur
5 cm blaðlaukur
1/2 laukur
2 tómatar
Olía
Salt og pipar eftir smekk

Grænmetið er skorið gróft, öllu blandað saman í eldfast mót og bakað í ofni á 180°C í 45-60 mínútur eða þar til kartöflurnar og gulræturnar eru mjúkar í gegn.

Sítrónubúðingur

2 egg
1 dl sykur
Safi úr einni sítrónu
5 matarlímsblöð
1 peli rjómi

Matarlímið er lagt í bleyti í 10 mínútur. Eggin eru þeytt með sykrinum þar til þau eru létt og ljós og sítrónusafanum er svo bætt út í. Matarlímið er brætt yfir vatnsbaði og síðan bætt í eggjahræruna og blandað varlega saman. Þeyttum rjóma er svo hrært út í þegar búðingurinn er farinn að hlaupa.

Ég skora á Halldóru Hreinsdóttur og Jón Reyni Sigurvinsson á Ísafirði.

Margir ráku upp stór augu þegar þeir sáu gæsir standa makindalega á hringtorginu á Ísafirði.

Nýstárleg auglýsing

„Þetta var nú meira gert í gríni," segir Valur Richter hjá pípulagningarfyrirtækinu Rörás ehf., á Ísafirði um nýstárlega auglýsingu fyrirtækisins þar sem gæsum var komið fyrir á hringtorginu á Ísafirði á föstudag í síðustu viku. „Rörás er líka að selja skotveiðivörur og því ákvað ég að gera smá sprell í tilefni af því að gæsaveiðitímabilið hófst á laugardag." Viðbrögðin létu ekki standa á sér. „Þetta fékk mun meiri athygli en ég hafði ímyndað mér og síminn stoppaði varla eftir að ég setti upp gæsirnar," segir Valur.

Óska eftir sögum og myndum

Finna þau fyrir því að fólk á svæðinu hafi taugar til hússins? „Já, það hefur fullt af fólki komið við og skoðað og fólk er mjög áhugasamt," segir Áslaug. „Það virðist líka nánast annar hvor maður annað hvort hafa búið hérna, verið hérna eða tengist húsinu á einhvern hátt," bætir Helga við. „Já, þeir eru margir," heldur Áslaug áfram. „Ég held að þetta sé nú bara einstakt með hús. Það er fólk sem bjó hérna, hóf sinn búskap hérna... Við fáum alveg fullt af sögum og auglýsum bara hér með eftir fólki sem veit eitthvað um húsið og vill koma og segja okkur sögur," segir hún.

Helga segir þau jafnframt finna það á Hnífsdælingum að þeir fagni framtakinu. „Maður finnur það alveg að þeir vildu alls ekki láta rífa húsið eða fjarlægja það, og þeir voru líka leiðir yfir því að þetta væri bara að grotna niður. Fólk er rosalega ánægt með að einhverjir vilji standa í þessu," segir hún.

Á meðan á vinnu þeirra hefur staðið hafa þau rekist á sitt hvað af forvitnilegum munum í húsinu. „Við höfum fundið mikið af gömlum verkfærum, lyklum, bókum og tímaritum. Alls konar eldgamalt dót," segir Helga. „Við erum núna með eitt bókaherbergi og eitt verkfæraherbergi," bætir Hjálmar við. „Við erum líka að leita að myndum af húsinu í gegnum tíðina. Þá fær maður að sjá hvernig húsið var klætt og hvernig það hefur breyst í gegnum árin. Það væri gaman að hafa það og þekkja söguna," segir hann.

Heimabær verður aldrei meira en sumaraðsetur nýju eigendanna, enda stendur það á snjóflóðahættusvæði - þó sysurnar minnist þess nú reyndar að hafa heyrt eitt og annað um þá áhættu innan fjölskyldunnar. „Eldra og vitrara fólk í fjölskyldunni okkar er algjörlega með það á hreinu að hér komi aldrei snjóflóð," segir Helga og brosir.

„Þau tala um að þegar norðanáttin er búin eigi bara að fara og skjóta upp í skaflana eins og langafi okkar gerði, og þá muni aldrei neitt henda þetta hús sem tengist snjóflóði. Þegar börnin þurftu að fara að fara í skólann var bara skotið upp í fjallið og losað um. Þetta fólk kunni að búa með náttúrunni," segir hún.

Þar með er stundin milli stríða liðin að lokum. Blaðamaður þakkar fyrir sig og kveður og Heimabæjarfólk snýr sér aftur að útistörfunum.

– Sunna Dís Másdóttir.

blómaval
heillandi heimur

Atvinna

Starfskraftur óskast í hlutastarf í Blómaval á Ísafirði. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina.

Nánari upplýsingar veitir Júlíana í síma 660 3156.

Samkaup úrval

Starfsmaður óskast

Samkaup Úrval á Ísafirði óskar eftir að ráða starfsmann í kjötborð / kjötvinnslu.

Nánari upplýsingar gefur Hákona í síma 861 5456 eða á isafjordur@samkaupurval.is.

Stúdíó Dan til sölu

Til sölu er líkamsræktarstöðin Stúdíó Dan á Ísafirði. Um er að ræða rekstur fyrirtækisins ásamt öllum tækjum og innbúi sem tilheyrir Stúdíó Dan.

Áhugasamir hafi samband við Fasteignasölu Vestfjarða í síma 456 3244.

Full búð af nýjum vörum !
Frábært verð !

Vönduð heilsurúm með svæðaskiptu pokagormakerfi.

Nature's Rest
Dýna, botn og lappir:
90x200 cm kr. 65.900,-
100x200 cm kr. 69.900,-
120x200 cm kr. 75.900,-
140x200 cm kr. 79.900,-

Nature's Comfort
Dýna, botn og lappir:
100x200 cm kr. 85.900,-
120x200 cm kr. 95.900,-
140x200 cm kr. 105.900,-
160x200 cm kr. 119.900,-
180x200 cm kr. 135.900,-

Fáðu þér sæti
Hægindastólar.
Litir: hvítur, brúnn,
beige og svartur.
Aðeins kr.
39.900,-

Molly svefnsófi
Einnig til svartur.
Aðeins kr.
59.900,-

Alex sófasett
3 plús 2
Einnig til í svörtu og brúnu taui.
Fullt verð 261.000,-

Nú aðeins 169.650
35% afsl!

3ja sæta: 190x90x85(h) cm
2ja sæta: 136x90x85(h) cm

Eitt mesta úrval landsins
af hágæða sængurverasettum!

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

Opið virka daga frá kl. 12-18
Laugardaga frá kl. 11-13